

UHR 11-2003\_6

# **Friðlandið í Vatnsmýrinni**

**Flóra og gróðurfar  
í friðlandi fyrir fugla í Vatnsmýrinni**

Jóhann Pálsson

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
Athuganir og aðferðir	6
Umfang friðlandsins og jarðgrunnur	6
Gróðurhverfi í Vatnsmýrinni	7
Votlendisgróður	7
Gróður á gömlum uppgreftri	8
Gróður á jarðvegsfyllingum	9
Flóra friðlandsins	11
Lokaorð	13
Heimildir	16
1. viðauki	18
2. viðauki	19

## Inngangur

Tjörninn hefur frá upphafi sett mikinn svip á Reykjavík og frá því að þéttbýli fór að myndast þar hefur hún verið bæjarbúum mikilvæg til leikja og útivistar. Meginvatnasvæði Tjarnarinnar er Vatnsmýrin og var hún löngum nýtt til beitar og mótekju. Undir lok 19. aldar var farið að rækta hluta af mýrinni sem tún og garðlönd, en eftir því sem leið á 20. öldina fór byggð að leggja undir sig æ stærri hluta mýrarinnar og munaði þar mestu um gerð Reykjavíkurflugvallar á árum seinni heimsstyrjaldarinnar (Guðjón Friðriksson, 1992).

Þótt nú sé mikið og fjölbreytt fuglalíf á Reykjavíkurtjörn hefur það ekki ætíð verið svo. Við upphaf seinustu aldar veiddu menn sér til matar megnið af þeim fugli sem þangað kom (Jón Pálsson, 1937) en upp úr 1920 var farið að hlúa að fuglalífinu og voru nýjar tegundir fluttar á svæðið (Ólafur K. Nielsen, 1992). Vatnsmýrin er mikilvæg fyrir það fuglalíf sem þróast hefur á Tjarnarsvæðinu. Þar eru varplönd fyrir mikið af þeim fuglum sem ala upp unga sína á næringarríku vatni Tjarnarinnar. Tjörninn og Vatnsmýrin voru sett á náttúruminjaskrá 1981 (Náttúruverndarráð, 1981) og 1984 ákvað Borgarstjórn Reykjavíkur að tilhlutan Umhverfismálaráðs Reykjavíkur að stofna til friðlands í hluta af Vatnsmýrinni. Friðlandið var afmarkað í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1984-2004 og var borgarfriðun sett á Tjörnina ásamt hluta af Vatnsmýrinni, sem þar var skilgreindur sem friðland fyrir fugla (Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, 1988). Afmörkun friðlandsins var breytt í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 og þar komu fram tillögur sem gerðu ráð fyrir að friðlandið yrði afmarkað með síkjum svo að koma mætti í veg fyrir umgang á varptíma (Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík 1992). Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 var borgarfriðun breytt í hverfisvernd (Skipulags- og byggingarsvið, 2002).

Innan þess svæðis í Vatnsmýrinni, sem afmarkað hefur verið með hverfisvernd, voru tvær tjarnir. Önnur þeirra, sem gengið hefur undir nafninu Vatnsmýrartjörn, var grafin rétt eftir 1960 og girt af. Var aðfluttum, vængstýfðum fuglum ætlað að verpa þar á meðan stofninn væri að laga sig að aðstæðum við Tjörnina (Finnur Guðmundsson, 1962).

Hin tjörninn var grafin norðan við Norræna húsið á síðari hluta sjöunda áratugarins.

Haustið 1996 voru grafin síki umhverfis meginhluta friðlandsins en hluti þess, sem er vestan Vatnsmýrartjarnarinnar, var áfram afgirtur með girðingu sem þar hafði verið frá því að hún var grafin. Framkvæmdir þessar voru hugsaðar sem fyrsti hluti frágangs á hinu friðaða svæði, en deiliskipulagi var ekki lokið á vestari hluta þess. Göngustígar voru lagðir um friðlandið og þeir tengdir með brúm sem taka má upp um varptímann (1. mynd). Hluti af Vatnsmýrartjörninni var fylltur upp og því svæði breytt í flóa, vatnsborð í síkjunum og tjörnum hækkað úr u.þ.b. 2,75 m og haldið að jafnaði í 3,20 m svo að grunnvatnsstaða hækkaði sem því nam. Þessar framkvæmdir voru unnar samkvæmt hönnun Yngva Þórs Loftssonar, landslagsarkitekts og Almennu verkfræðistofunnar hf.

—



1. mynd. Syðri göngubrúin sett á síkið í ágústbyrjun 1997. Sjá má hvað gæs hefur snöggbitið grasið á síkisbörmunum.



**2. mynd.** Í ágúst 2003. Starir hafa myndað vöxtulegan mýrargróður á síkisbökkunum.


## Athuganir og aðferðir

Í sambandi við forvinnu við hönnun friðlandsins var unnið gróður- og landgreiningarkort af Vatnsmýrinni sunnan Hringbrautar og á milli Sæmundargötu og Njarðargötu (Guðmundur Guðjónsson, 1995). Engin úttekt var gerð á flóru svæðisins og þörf var orðin á að fá nánari upplýsingar um ástand gróðurs, sem nota mætti bæði sem grunn til viðmiðunar svo að fylgast mætti með náttúrlegri gróðurframvindu á komandi árum og hafa til hliðsjónar við viðhald og hugsanlegt inngríp í einstök gróðursamfélög ef bæta þyrfti aðstæður til varps fyrir mismunandi tegundir fugla. Gróðurúttektin fór að mestu leyti fram í ágúst og september 2003. Var gengið um friðlandið og skráðar allar tegundir æðplantna sem þar fundust. Einnig var uppráttur, sem sýnir mismunandi jarðgrunn og gróðurfar, unninn inn á stafræna loftmynd frá Landupplýsingadeild Umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkur.

## Umfang friðlandsins og jarðgrunnur

Allt friðlandið innan síkja og girðingar nær yfir 37.026 m<sup>2</sup>. Tjörnin við Norræna húsið og síkin umhverfis eru ekki talin með. Jarðgrunninum má skipta í fjórar megingerðir. Þar er fyrst að nefna lífrænan mýrarjarðveg sem er hinn upprunalegi jarðgrunnur á svæðinu. Á þessum jarðgrunni vex nokkuð einsleitur mýrargróður. Þarna hefur þó ýmiss konar jarðrask átt sér stað vegna mótekju, framræslu eða annarra framkvæmda og getur þar enn að líta ýmsar mishæðir sem eru greinilega af mannavöldum. Mýrarjarðgrunnurinn þekur 11.597 m<sup>2</sup> eða 31,32 % af friðlandinu. Í mýrunum eru gamlir haugar af efni sem grafið hefur verið upp á staðnum ýmist úr skurðum eða tjörnum og er snarrót ríkjandi gróður þar. Þessir haugar ná yfir 3.412 m<sup>2</sup> eða 9,22 % af friðlandinu. Í þriðja lagi er um að ræða fyllingarefni sem dreift var yfir stóran hluta friðlandsins, einkum á fimmta til sjöunda áratugnum (Tjörnin – saga og lífríki, 1992). Í prufuholum sem grafnar voru í fyllingar á milli Sæmundargötu og friðlandsins 1991 kom í ljós að í holunum, sem næstar eru friðlandinu, var 2,6 til 2,8 metra lag af margskonar fyllingarefni (tippur) efst, þar undir var tveggja til þriggja metra mólagn, en síðan var komið niður á sand og móhellu (Halldór Torfason, 1991). Líklegt er að megnið af fyllingum innan friðlandsins séu af svipuðu tagi. Þær eru hæsti hluti friðlandsins, að meðaltali í 4,5 til 5,0 m.y.s. en á uppdrætti frá 1933 er allt svæðið sem

friðlandið nær nú yfir innan markanna milli 2,0 til 4,0 m.y.s. (Bolli Thoroddsen, 1933). Þegar verið var að grafa syðsta hluta síkjanna var komið niður á gamla sorphauga, líklega frá því í upphafi 20. aldar. Fyllingarnar ná yfir 16.511 m<sup>2</sup> eða 44,59 % af friðlandinu og eru þar ýmist gamlar sáðsléttur eða uppgróið reski. Að lokum er það flóinn á fyllingunni, sem gerð var út í Vatnsmýrartjörn 1996, sem nær yfir 2.107 m<sup>2</sup> eða 5,69 % af friðlandinu. Skurðir og tjarnir eru 3.399 m<sup>2</sup>, sem eru 9,18 % af svæðinu innan friðlandsins (3. mynd).



**3. mynd.** Flatarmál mismunandi jarðgrunns í fermetrum

## Gróðurhverfi í Vatnsmýrinni

Mismunandi gróðurhverfi voru afmörkuð á loftmynd í mælikvarðanum 1:5000. Eru þau flokkuð eftir gerð jarðgrunns í þrjú megingróðurlendi þ.e. votlendisgróður, gróður á uppgreftri úr mýrinni og gróður á uppfyllingum með aðfluttu efni eins og sjá má í 1. viðauka.

### Votlendisgróður:

Votlendisgróður er bæði á gömlum mýrarjarðvegi og á fyllingum sem gerðar voru út í Vatnsmýrartjörn 1996. Á gamla mýrarjarðveginum er ýmist um að ræða mýri eða flóa, en skilin á milli þessara gróðurhverfa eru langt frá því að vera skýr. Stafar það meðal annars af því að við gerð friðlandsins var vatnsborð hækkað og eru mýrarnar sem lægst liggja að breytast í flóa. Á fyllingunum var stefnt að því að gera þar flóa með

aðstæður til varps fyrir þá fugla sem það kjósa. Votlendisgróðurinn er flokkaður í fjögur gróðurhverfi.

### **M1**

Mýri sem er að breytast í flóa á lægstu stöðunum eftir að vatnsborð var hækkað í friðlandinu. Mýrastör er langalgengasta tegundin en nokkuð af gulstör hér og þar og þá einkum við vatnsbakkana. Hálmgresi er víðast hvar um alla mýrina, einnig brennisóley og engjarós í blettum. Hér og þar vex ætihvönn og skógarkerfill en þau mynda ekki samfelldan gróður.

### **M 2**

Gulstör ríkjandi.

### **M 3**

Flói þar sem reiðingsgras er ríkjandi tegund.

### **M 4**

Flói á fyllingu sem gerð var út í Vatnsmýrartjörn 1966. Leitast var við að nota hnausa með mýrargróðri í yfirborð fyllingarinnar. Flóinn er nú mestmegnis gróinn mýrastör, en einnig eru þar töluverð gulstör og hálmgresi. Ýmiss reskigróður fylgdi óhjákvæmilega með og er þarna töluvert af njóla, skógarkerfli, snarrót, þistli og ætihvönn, en þessar tegundir virðast ekki standast samkeppni við starinnar í svo blautum jarðvegi og hafa ekki breiðst út svo greina megi eftir að fyllingarnar voru gerðar. Nokkrar grunnar smátjarnir eru í flóanum og eru tvær þeirra vaxnar lófæti.

### **Gróður á gömlum uppgreftri:**

Í gömlu mýrinni eru nokkrir hraukar af uppgreftri úr skurðum og tjörnum. Þessir hraukar eru enn að langmestu leyti vaxnir snarrót en fylgitegundir eru mismunandi. Hefur þessi reskigróður verið flokkaður í sex gróðurhverfi.

### **U 1**

Reskigróður, þar sem snarrót er ríkjandi. Helstu fylgitegundir, hálmgresi, hálmgresi, skógarkerfill og þistill.

### **U 2**

Þistill ríkjandi, helstu fylgitegundir skriðsóley og snarrót.

### **U 3**

Jaðar milli valllendisbakka og mýrar. Snarrót ríkjandi.

**U 4**

Reskigróður þar sem snarrót er ríkjandi. Helstu fylgitegundir hálmgresi og brennisóley.

**U 5**

Reskigróður þar sem snarrót er ríkjandi. Helstu fylgitegundir hálíngresi, hálmgresi, njóli og ætihvönn.

**U 6**

Reskigróður þar sem snarrót er ríkjandi. Helstu fylgitegundir þistill og ætihvönn.

**Gróður á jarðvegsfyllingum:**

Mikill hluti jarðvegs í friðlandinu er ýmiss konar fyllingarefni sem ekið hefur verið ofan á mýrarjarðveginn sem fyrir var. Á litlu svæði syðst í friðlandinu virðist vera um allgamlar fyllingar að ræða. Var þar komið niður á sorphauga sem eru að öllum líkindum frá því á fyrstu árum 20. aldarinnar. Á þeim fyllingum vex vallendisgróður. Þar sem síkið var grafið sunnan við þennan vallendisbakka óx áður höskollur, *Sanguisorba alpina* Bunge, sem hefur verið ræktaður í görðum og borist út með garðaúrgangi (Jóhann Pálsson 1999). Höskollurinn hefur ekki fundist aftur innan við síkin. Lang mest af fyllingunum í friðlandinu eru yngri eða frá fimmta til sjöunda áratugnum. Á hluta þeirra voru ræktuð tún en annars staðar virðast þær hafa gróið upp frá gróðurleifum í fyllingarefninu eða fræi sem þangað hefur borist. Gætir þarna ýmiss algengs reskigróðurs og plantna sem slæðst hafa með garðaúrgangi. Gróðri á jarðvegsfyllingum er skipt niður í 17 gróðurhverfi.

**F 1**

Gamlar fyllingar með vallendisgróðri svo sem hálíngresi, hálmgresi, lokasjóð, skarífíli, snarrót, vallhæru og vætudúnurt. Töluvert er að vaxa þarna upp af sjálfsáðum gulvíði og viðju.

**F 2**

Síkisbarmarnir frá 1996. Um það bil eins metra breiðar ræmur við síkisbakkana voru tyrfðar með mýrartorfi. Í brekkurnar þar fyrir ofan var sáð grasfræi og borinn á tilbúinn áburður. Þessar sáningar fóru illa á því að gæs sótti mjög í sáðgrösín og var nýræktin gjörsamlega rótnöguð fyrsta árið eftir sáningu (sjá 1. mynd) að undanskildum einstaka tegundum, sem gæsin snerti ekki. Voru það hlaðkolla, lokasjóður, skógarkerfill, vallhumall og ætihvönn (Jóhann Pálsson, 1997).

Nú eru síkisbakkarnir vaxnir þróttmiklum mýrargróðri þar sem mýra- og gulstör eru ríkjandi tegundir og er þessi mýrargróður farinn að teygja sig upp eftir brekkunum. Þar fyrir ofan eru brekkurnar vaxnar fremur lágvöxnum grösnum og ber þar mest á rauðvinglinum sem sáð var þar. Á nokkrum stöðum í brekkunum eru blettir þar sem hóffifill er ríkjandi og mun hann sprottinn upp af gömlum rótum og á einum bletti er að koma upp mikið af smáplöntum af hagabruðu. Efst í brekkubrúnunum er gróður gisinn, er þar mikið um einærar tegundir svo sem augnfró og lokasjóð. Í síkisbökkunum er urmull sjálfsáinna víðiplantna og hafa hæstu plönturnar náð rúmlega hálfis annars metra hæð. eru þetta einkum plöntur af gulvíði og viðju. Nokkuð er þar einnig af litlum birkiplöntum.

### F 3

Tún sem ræktuð voru á 8. áratug 20. aldar og slegin og hirt fram til 1997. Ríkjandi tegundir; hálíngresi, skriðlíngresi og snarrót. Helstu fylgitegundir eru brennisóley, hlíðamariustakkur, vallhumall og vallhæra. Mýrargróður er að sækja á og eru mýrastör og hálmgresi orðin áberandi.

### F 4

Gróður á gömlum undirbyggðum malarvegi sem líklega var lagður þegar Vatnsmýrartjörnin var grafin kringum 1960. Er hann vaxinn lágvöxnum vallendisgróðri þar sem helstu tegundirnar eru augnfró, hálíngresi, hlíðamariustakkur, lokasjóður, skammkrækill, vallhumall, vallhæra og vætudúnurt. Töluvert af sjálfsáðum gulvíði-, viðju- og birkiplöntum er að vaxa þarna upp.

### F 5

Vöxtulegt blómlendi sem vaxið hefur upp innan gömlu girðingarinnar umhverfis Vatnsmýrartjörnina. Ríkjandi tegundir eru hálíðagras, ætihvönn og skógarkerfill.

### F 6

Blómlendi, upphaflega sams konar og ofangreint gróðruhverfi en raskaðist mikið þegar fyllt var út í Vatnsmýrartjörnina. Ríkjandi tegundir eru skógarkerfill, þistill og ætihvönn, en einnig er töluvert um njóla.

### F 7

Blómlendi í jöðrum göngustíga sem lagðir voru 1996. Ríkjandi tegundir; þistill og ætihvönn. Fylgitegundir eru baldursbrá, njóli, skógarkerfill og vallhumall.

**F 8**

Graslendi með hávöxnum grösum svo sem háliðagras, hálíngresi, húsapunti og snarrót ásamt umtalsverðum skógarkerfli.

**F 9**

Þistill næstum alráður. Helsti undirgróður er skriðsóley.

**F 10**

Randagras ríkjandi.

**F 11**

Húsapunktur ríkjandi.

**F 12**

Skógarkerfill ríkjandi.

**F 13**

Gras- og blómlendi. Þetta svæði hefur verið innan girðingarinnar umhverfis Vatnsmýrartjörn frá því hún var gerð. Að minnsta kosti einhver hluti þess hefur verið sléttaður og ræktaður sem tún um leið og sléttlendið vestan við girðinguna en hluti svæðisins er það grófur að líklegt má telja að ruðningar hafi gróið þar upp af sjálfu sér. Ríkjandi tegundir eru háliðagras, hálíngresi, húsapunktur, skriðsóley. Fylgitegundir eru þistill og ætihvönn og víða breiður af hnoðamariustakki. Einnig eru þarna blettir með giljaflækju og skógarsmára.

**F 14**

Þistill ríkjandi. Helstu fylgitegundir eru háliðagras, húsapunktur, snarrót, skriðsóley og ætihvönn.

**F 15**

Þistill og ætihvönn ríkjandi.

**F 16**


Skriðsóley ríkjandi. Fylgitegundir eru njóli, sandfax og ætihvönn.

**F17**

Húsapunktur og þistill ríkjandi. Fylgitegund er brekkumariustakkur.

## Flóra friðlandsins

Í friðlandinu fundust 83 tegundir æðplantna. Af þeim teljast 65 eða 78,31 % upprunalegar í íslensku flórunni. Ílendar tegundir eru 15 eða 18,07 % og 3 tegundir eða 3,62 % eru plöntur sem ekki teljast fyllilega ílendar en slæðast út með garðaúrgangi af og til (4. mynd). Í 2. viðauka er listi yfir þessar tegundir ásamt merkingum sem tákna uppruna þeirra í flóru landsins, þ.e. hvort þær teljast innlendar, ílendar eða slæðingar. Einnig eru þær merktar með táknum sem gefa til kynna hversu algengar þær eru á svæðinu. Þess má geta að sama tegund getur verið merkt með fleiri en einu tákni, t.d. reiðingsgras sem er merkt bæði með tölunum þremur og sex. Talan þrír tákna að tegundin sé ekki víða í friðlandinu, en talan sex að hún geti verið ríkjandi á einhverjum bletti. Flóra votlendis er yfirleitt fábreytt og sú er einnig reyndin í mýrum og flóunum í friðlandinu. Er þar



#### 4. mynd. Fjöldi tegunda af mismunandi uppruna.

ýmist um mýrastarar- (M 1) eða gulstararhverfi (M 2) að ræða. Hér og þar hefur skógarkerfill borist út í votlendið en það virðast vera stakar plöntur og ekki svo að sjá að hann ætli að verða ríkjandi neins staðar þar. Á einum stað í gömlum skurðbakka vex afbrigði af silfurhnappi með fylltum blómum, sem lengi hefur verið ræktað í gördum hér á landi. Hefur það vafalaust slæðst þangað þegar skurðurinn var grafinn en ekki náð að breiðast neitt út með rótarsprotum þótt silfurhnappur geri það gjarnan í jarðvegi sem honum hentar. Á haugunum úr gömlum uppgreftri er snarrót alls staðar ríkjandi þótt fylgitegundir geti verið ólíkar frá einum haug til annars. Fáar aðkomutegundir virðast hafa borist í þessi svæði nema hvað á einum stað er breiða af þistli (U 9) og stakar plöntur af skógarkerfli eru hér og þar. Snarrótin virðist ekki vera farin að hrörna ennþá en búast má við því að hún fari að víkja á næstu áratugum. Hver næstu skeið gróðurframvindunnar verða á þessum haugum er ekki gott að segja. Hugsanlega gæti þróast þarna blómlendi með hávöxnum jurtum

svo sem mjaðjurt, skógarkerfli eða ætihvönn en það mun tíminn leiða í ljós.

Langfjölbreyttasti gróðurinn er á fyllingunum sem ekið var yfir mýrlendi á sínum tíma. Eru þar bæði gamlar sáðsléttur og svo moldarhaugar sem gróið hafa upp með reskigróðri svo sem hóffifli, húsapunti, njóla, skógarkerfli, skriðsóley og þistli. Einnig eru þar nokkrar tegundir sem augsýnilega hafa borist með garðaúrgangi svo sem fagurhjálmur, hagabruða og randagras.



##### 5. mynd. Við Vatnsmýrartjörn.

Í bökkum síkisins, sem grafið var við gerð friðlandsins, er að vaxa upp fjöldi sjálfsáinna trjáplanta, bæði birki og gulvíðir en einkum þó viðja. Nokkrir runnar af þessum tegundum voru fyrir í friðlandinu en auk þeirra hafa fundist plöntur af alaskavíði og selju. Á fyllingunum, sem eru utan síkjanna en innan gömlu girðingarinnar umhverfis Vatnsmýrartjörn, vaxa tvær smábreiður af skógarsmára sem er sjaldgæf tegund hér á landi. Í skógræktarreitnum við Rauðavatn vex hann í stórri breiðu þar sem var starfrækt gróðrarstöð á fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar og nýlega fannst hann svo í Hveragerði (Hörður Kristinsson, Flórufræðistofnun Íslands). Friðlandið í Vatnsmýrinni er því þriðji fundarstaður skógarsmára á Íslandi.

## Lokaorð

Að undanskildum votlendisgróðrinum má segja að allur annar gróður í friðlandinu sé reskigróður, það er gróður á landi þar sem upphaflegu gróðurfari hefur verið raskað. Þessi reskigróður er á mismunandi framvinduskeiðum sem fara eftir aldri hins raskaða gróðurlendis, eðli jarðgrunnsins og ástandi gróðurs þegar framvindan hófst. Gróðurhverfin breytast mishratt eftir því á hvaða skeiði framvindunnar þau eru. Viðast hvar eru breytingarnar það hægar að þær verða ekki greindar nema gróðurfari sé borið saman með áratuga millibili. Annars staðar breytist gróður svo hratt, t.d. í síkisbörmunum frá 1996, að greina má breytingar frá ári til árs. Á nokkrum stöðum má sjá fyrir hvert framvindan stefnir t.d. eru auglýsilega að myndast kjarrlendi á síkisbökkunum og víðar á fyllingunum og hugsanlega gætu orðið blómlendi með hávöxnu jurtastóði allvíða þótt fábreytni tegunda í friðlandinu kunni að koma í veg fyrir að þau þróist eðlilega.

Ekki er gott að segja fyrir um hver framvindan verður þar sem ágengar frumherjategundir eins og hóffifill, húsapuntur, skógarkerfill og þistill eru ríkjandi núna. Hér á landi hafa, svo mér sé kunnugt, engar mælingar verið gerðar á framvindu gróðurs þar sem þessar tegundir hafa numið land. Erfitt er að dæma um hvort hóffifill, húsapuntur eða þistill séu að breiðast út í friðlandinu nema þar sem landi var raskað nýlega þegar síkin voru grafin, stígar lagðir og fyllt út í Vatnsmýrartjörnina. Skógarkerfill vex í öllu gróðurlendi friðlandsins. Hans varð fyrst vart hér á landi í nágrenni Akureyrar 1927 (Ingimar Óskarsson, 1932) og á árum heimsstyrjaldarinnar síðari er hann sagður algengur kringum herskála og í görðum í Reykjavík (Ingólfur Davíðsson, 1967). Hann fór ekki að breiðast út að ráði fyrr en á sjöunda áratug seinustu aldar, en um það leyti hafði land umhverfis stærstu þéttbýlisstaði og skógræktarsvæði verið friðað fyrir beit. Er hann nú víða ríkjandi þar sem jarðvegur er niturríkur svo sem í jöðrum ræktaðs lands, í gömlum lúpínubreiðum eða í nágrenni hesthúsabyggða. Heimkynni skógarkerfils eru í skóglendi um norðanverða Evrópu og Asíu en sunnar vex hann eingöngu til fjalla. Í hans upprunalegu heimkynnum vaxa yfirleitt stakar plöntur eða smástæður í óröskuðu skóglendi. Þegar búskaparhættir breyttust á öldinni sem leið breiddist skógarkerfill mjög út í norðanverðri Evrópu og í Norður-Ameríku, þar sem hann er ílendur og er hann nú áberandi þar víða t.d. í vegköntum og aflögðum akurreinum (Hansson, 1993, Darbyshire o.fl., 1999). Það er löngu tímabært að rannsaka vistfræði skógarkerfilsins hér á landi. Í friðlandinu í Vatnsmýrinni eru tilvaldar aðstæður til að

fylgjast með útbreiðslu og náttúrlegri gróðurframvindu hanns sem og annars reskigróðurs.

Tillögur um verndun á Náttúruminjaskrá og hverfisvernd á friðlandinu í Vatnsmýrinni miðast um fram allt við að viðhalda þar góðum aðstæðum til varps fyrir tjarnarfuglana. Eins og áður hefur komið fram eru engin gróðurlendi þar, að undanskildu mýrlendinu, upprunaleg og því ekki verið að varðveita einstök, gömul gróðurhverfi eða sjaldgæfar tegundir plantna. Friðunin er því engin hindrun fyrir því að gera þær breytingar sem stuðlað gætu að því að auka fjölbreytni og skapa aðstæður fyrir sem flestar tegundir fugla til að verpa þar. Stærri inngríp eins og að reyna að útrýma reskitegundum eins og skógarkerfli og þistli, sem eru ríkjandi á ákveðnum svæðum, eru illframkvæmanleg. Notkun eiturefna kemur ekki til greina þar sem slík efni bærust óhjákvæmilega út í grunnvatnið og gætu valdið miklum skaða á lífríki Tjarnarinnar. Tilraunir erlendis hafa sýnt að sláttur á skógarkerfli hefur ekki skilað árangri (Hansson, 1993) og að flytja þangað búsmala til beitar myndi valda usla í varpinu og gjörbreyta öllu gróðurfari. Möguleg er að skipta algjörlega um jarðveg á þeim svæðum þar sem mest er um þessar tegundir. Slíkar aðgerðir eru kostnaðarsamar og myndu breyta umhverfinu umtalsvert og erfitt að koma í veg fyrir að aftur sæki í sama horf.

Í friðlandinu í Vatnsmýrinni er margvíslegur jarðgrunnur með óvenju-fjölbreyttum gróðri miðað við stærð svæðisins. Hin ólíku gróðurhverfi þar eru á mismunandi framvinduskeiðum. Það myndi auka mikið þekkingu okkar á náttúrufari landsins að leyfa lífríki þessa svæðis að þróast fram eftir öldinni sem nýlega er hafin með sem allra minnstu inngrípi af mannsins hálfu. Friðlandið blasir við frá því húsnæði sem Líffræðideild Háskóla Íslands er að flytja í á næstunni. Varla er hægt að hugsa sér heppilegra rannsóknarverkefni fyrir unga vísindamenn, sem á komandi árum hljóta þar menntun sína, en að fylgjast með þróun lífríkisins í friðlandinu í Vatnsmýrinni.



### Heimildir:

- Bolli Thoroddsen, 1933. Uppdráttur af NV-hluta Vatnsmýrarinnar. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, Mælingadeild.
- Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, 1988. Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004.
- Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, 1992. Aðalskipulag Reykjavíkur 1990-2010.
- Darbyshire, S. J., Hoeg, R., Haverkort, J. 1999. The Biology of Canadian Weeds. 111. *Anthriscus sylvestris* (L.) Hoffm. Can. J. Plant Sci. 79; 671–682.
- Finnur Guðmundsson, 1962. Fuglalífið á Reykjavíkurtjörn, fjölritað handrit, bls. 4. Reykjavík 13. ágúst 1962.
- Guðjón Friðriksson, 1992. Tjörnin og mannlífið, í Tjörnin – saga og lífríki, bls 43-74. Reykjavíkurborg.
- Guðmundur Guðjónsson, 1995. Vatnsmýrin – Gróður og landgreining. Uppdráttur dags. 22. ágúst 1995.
- Halldór Torfason 1991. Vatnsmýri – Prufuholur, skýrsla unnin fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík. Handrit, 2 bls.
- Hansson, Margareta, 1993. *Anthriscus sylvestris* (L.) Hoffm. – an autecological study. Sveriges lantbruksuniversitet -Rapporter,

Institutionen för ekologi och miljövård, rapport 63, 14 bls.  
Uppsala

Ingimar Óskarsson, 1932. Some Observations of the Vegetation of Eyjafjörður and Akureyri. Vísindafélag Íslendinga XIII, bls. 36. Reykjavík.

Ingólfur Davíðsson, 1967. The Immigration and Naturalization of Flowering Plants in Iceland Since 1900. Vísindafélag Íslendinga, Greinar IV, 3. bls. 21-24. Reykjavík.

Jóhann Pálsson, 1997. Vatnsmýrin, ástand gróðurs við opnun friðlands 30. júlí 1997. Handrit, 1 bls.

Jóhann Pálsson, 1999. Blóðkollur *Sanguisorba officinalis* L. og höskollur *Sanguisorba alpina* Bunge (Rosaceae) á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 68 (3-4), bls. 163-173.

Jón Pálsson, 1937. Fuglalíf í bænum og víðar. Lesbók Morgunblaðsins 8, bls. 329-331.

Náttúruvernarráð, 1981. Náttúruminjaskrá, 3. útgáfa, bls. 12. Reykjavík

Ólafur K. Nielsen, 1992. Saga fuglalífs, í Tjörninn – saga og lífríki, bls. 31–42. Reykjavíkurborg.

Skipulags- og byggingarsvið, 2002. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 – 2024. Skýringarblað AR18 og uppdráttur.

Tjörninn – saga og lífríki, 1992. Ólafur K. Nielsen, ritstjóri. Viðaukar 13-17, bls. 185-191. Reykjavíkurborg

- - -



## 2. viðauki

### Flóra friðlands fyrir fugla í Vatnsmýri

Latínuheiti	Íslensk nöfn	Tíðni	Uppruni
<i>Achillea millefolium</i> L.	Vallhumall	4	n
<i>Achillea ptarmica</i> L. f. <i>fl. plena</i>	Silfurhnappur	1	s
<i>Aconitum x stoerkiana</i> Reichenb.	Fagurhjálmur	1	s
<i>Agrostis capillaris</i> L.	Hálingresi	5	n
<i>Agrostis stolonifera</i> L.	Skriðlingresi	4	n
<i>Alchemilla alpina</i> L.	Ljónslappi	3	n
<i>Alchemilla glomerulans</i> Buser	Hnoðamariustakkur	3	n
<i>Alchemilla vestita</i> (Buser) Raunk.	Hlíðamariustakkur	4	n
<i>Alopecurus pratensis</i> L.	Háliðagras	4	í
<i>Angelica archangelica</i> L.	Ætihvönn	4	n
<i>Anthoxanthum odoratum</i> L.	Ilmreyr	3	n
<i>Anthriscus sylvestris</i> (L.) Hoffm.	Skógarkerfill	4,6	í
<i>Betula pubescens</i> Ehrh.	Birki	3	n
<i>Bromus inermis</i> Leysser	Sandfax	1	í
<i>Calamagrostis stricta</i> (Timm) Koeler	Hálmgresi	4	n
<i>Caltha palustris</i> L.	Hófsóley	4	n
<i>Cardamine pratensis</i> L.	Hrafnaklukka	3	n
<i>Carex lyngbyei</i> Hornem.	Gulstör	4,6	n
<i>Carex nigra</i> (L.) Reichard	Mýrastör	5,6	n
<i>Catabrosa aquatica</i> (L.) Beauv.	Vatnarnarfagras	1	n
<i>Cerastium fontanum</i> Baumg.	Vegarfi	4	n
<i>Chamomilla suaveolens</i> (Pursh) Rydb.	Hlaðkolla	3	í
<i>Cirsium arvense</i> (L.) Scop.	Þistill	3,6	n
<i>Dactylis glomerata</i> L.	Axhnoðapuntur	2	í
<i>Deschampsia caespitosa</i> (L.) Beauv.	Snarrót	5	n
<i>Elymus repens</i> (L.) Gould	Húsapuntur	5,6	n
<i>Epilobium palustre</i> L.	Mýradúnurt	4	n
<i>Epilobium watsonii</i> Barbey	Vætudúnurt	4	í
<i>Equisetum arvense</i> L.	Klóelfting	1	n
<i>Equisetum palustre</i> L.	Mýrelfting	2	n
<i>Eriophorum angustifolium</i> Honck.	Klófífa	3	n
<i>Euphrasia frigida</i> Pugsley	Augnfró	5	n
<i>Festuca rubra</i> L. subsp. <i>arctica</i> (Hackel) Govoruchin	Túnvingull	4	n
<i>Festuca rubra</i> L. subsp. <i>rubra</i>	Rauðvingull	4	í
<i>Festuca vivipara</i> (L.) Sm.	Blávingull	1	n
<i>Filipendula ulmaria</i> (L.) Maxim.	Mjaðjurt	3	n
<i>Galium verum</i> L.	Gulmaðra	3	n
<i>Hippuris vulgaris</i> L.	Lófótur	3,6	n
<i>Juncus alpinoarticulatus</i> Chaix	Mýrasef	3	n
<i>Juncus arcticus</i> Willd. subsp. <i>intermedius</i> Hyl.	Hrossanál	3	n
<i>Juncus articulatus</i> L.	Laugaséf	2	n
<i>Lamium album</i> L.	Ljósatvítönn	2	í
<i>Leontodon autumnalis</i> L.	Skariffill	4	n

<i>Leymus arenarius</i> (L.) Hochst.	Melgresi	2	n
<i>Luzula multiflora</i> (Retz.) Lej.	Vallhæra	4	n
<i>Matricaria maritima</i> L.	Baldursbrá	4	n
<i>Menyanthes trifoliata</i> L.	Reiðingsgras	3,6	n
<i>Montia fontana</i> L.	Lækjagrýta	2	n
<i>Myosotis arvensis</i> (L.) Hill	Gleym-mér-ei	4	n
<i>Parnassia palustris</i> L.	Mýrasóley	4	n
<i>Phalaris arundinacea</i> L. var. <i>picta</i>	Randagras	2,6	s
<i>Phleum pratense</i> L.	Vallarfoxgras	2	í
<i>Pinguicula vulgaris</i> L.	Lyfjagras	2	n
<i>Plantago maritima</i> L.	Kattartunga	3	n
<i>Poa annua</i> L.	Varpasveifgras	2	n
<i>Poa pratensis</i> L. subsp. <i>pratensis</i>	Vallarsveifgras	3	n
<i>Potentilla anserina</i> L.	Tágamura	3	n
<i>Potentilla palustris</i> (L.) Scop.	Engjarós	4,6	n
<i>Ranunculus acris</i> L.	Brennisóley	4	n
<i>Ranunculus repens</i> L.	Skriðsóley	4,6	n
<i>Rhinanthus minor</i> L.	Lokasjóður	5	n
<i>Rumex acetosa</i> L.	Túnsúra	4	n
<i>Rumex acetosella</i> L.	Hundasúra	3	n
<i>Rumex longifolius</i> DC.	Njóli	4	n
<i>Sagina procumbens</i> L.	Skammkrækill	3	n
<i>Salix alaxensis</i> (Anderss.) Cov.	Alaskaviðir	1	í
<i>Salix capraea</i> L.	Selja	1	í
<i>Salix lanata</i> L.	Loðviðir	3	n
<i>Salix myrsinifolia</i> Salisb.	Viðja	5	í
<i>Salix phylicifolia</i> L.	Gulviðir	4	n
<i>Senecio vulgaris</i> L.	Krossfífill	3	í
<i>Sorbus aucuparia</i> L.	Reynir	2	n
<i>Stellaria graminea</i> L.	Akurarfi	3	í
<i>Stellaria media</i> (L.) Vill.	Haugarfi	2	n
<i>Taraxacum officinale</i> Weber sl.	Túnfífill	3	n
<i>Trifolium medium</i> L.	Skógarsmári	2	í
<i>Trifolium repens</i> L.	Hvítsmári	3	n
<i>Triglochin palustris</i> L.	Mýrasauðlaukur	3	n
<i>Tussilago farfara</i> L.	Hóffífill	4,6	í
<i>Valeriana sambucifolia</i> Mican fil.	Hagabrúða	2	n
<i>Vicia cracca</i> L.	Umfeðmingur	1	n
<i>Vicia sepium</i> L.	Giljaflækja	2	n
<i>Viola palustris</i> L.	Mýrfjóla	2	n

**Tíðni**

- 1 = Eitt eintak fundið  
 2 = Örfá eintök  
 3 = Fremur sjaldgæf  
 4 = Fremur algeng  
 5 = Algeng  
 6 = Ríkjandi sums staðar

**Uppruni**

- n = innlend  
 í = ílend  
 s = slæðingur